

ÍSLENSK FRAMTÍÐ OG ÖNNUR

Quid mihi proposuerim? Ita philosophari, ut sapientior efficiatur humanitas.

I

Árangri af 17 ára rannsóknum má segja frá í nokkrum stuttum greinum, þannig að nægi, ef þegið verður, til að koma málunum í rétt horf.

1. Svefninn er sambandsástand. Í svefni fer fram nokkurskonar magnan eða hleðsla (charge, Ladung) taugakerfisins.

2. Draumlífið er einn þáttur þessarar hleðslu. Það er þannig til komið, að hinn sofandi fær meðvitund annars, sem vakir (meðvitund annars inducerast í honum; bioinduction). Draumgjafa kalla ég þann, sem draumurinn er frá, og svarar hann til agentsins eða gjörandans í sálufélagstilraumum þeim, sem fyrirburðarannsóknafélagið enska (S.P.R.) hefir látið gera, en sofandinn til recipientsins eða viðtakandans; (sjá ritgerðina „Á Bröttubrekku“ hér í blaðinu júní og júlí 1918).

3. Draumgjafinn á heima á öðrum hnetti. Af því sem ég segi, mun þetta þykja einna ótrúlegast, enda hefir það ekki verið auðfundíð. En þó veit ég þetta eins víst og að ég sit hér og skrifa. Mun sú sannfæring, að ekki sé að marka þetta mál mitt, reynast ekki holl þeim sem hafa, því að hér ræðir um höfuðatriði mannlegrar þekkingar. Það er ekki auðvelt að nefna það, sem furðulegar komi fyrir en þetta, að heili vor skuli gera sér myndir eigi einungis af því, sem vor eigin augu sjá, heldur einnig af því, sem augu annarra sjá, og það þó að þessir aðrir eigi heima á öðrum stjörnum.

4. Meðvitund draumgjafans aflagast í heila dreymandans eftir lögmálum, sem að nokkru leyti eru fundin.

5. Áhrif annarra ráða mjög miklu um það, við hvaða draumgjafa sambandið verður og hversu ófullkomið það er eða fullkomið.

6. Víxlagnan á sér stað manna á milli (eða afmagnan eða örmagnan), víxlíleiðing, mutual induction. Ástand mannfélags er að mjög miklu leyti undir því komið, hvernig þessum áhrifum er háttáð. Því meir sem gætir áhrifanna frá bestu mönnunum, og því meira fylgi sem þeir hafa, því betra er mannfélagið. Því verra sem mannfélagið er, því meir gætir áhrifanna frá hinum verstu, og því meira fylgi hafa þeir. Í mjög ófullkomnum mannfélögum hafa menn stundum tekið þá, sem bestir voru og mest reið á að fylgja að málum, bundið þá við staur og brennt þá lifandi, grunlausir um, að þeir voru að gera það sem allra háskalegast verður unnið. Spekingurinn Seneca hefir merkilega rétt fyrir sér, þar sem hann segir, að mönnum fari fram á samfundum við vitringinn, jafnvel þó að hann segi ekki neitt. En þó hljóta menn því aðeins gott af vitringnum, að þeir haldi ekki að hann sé vitfirringur, eins og stundum hefir komið fyrir. Sé mönnum sagt rétt til um vandfarna leið, og ásetji þeir sér að fara nú einmitt ekki eftir tilsgogninni, þá fer illa fyrir þeim; stoðar ekki þó að sá sé vitur og vilji vel, sem til sagði, ef ekki er þegið.

7. Sambandsástand andamiðilsins er í aðalatriði sama eðlis og vanalegur svefn. Að miðillinn tekst á loft (levitation; hafning) eða lýsir af andliti hans, er afleiðing magnanar eða hleðslu sem er líks eðlis og vanaleg svefnmagnan.

Sannindi þessi sem endi munu gera á allri dulstefnu og dulrænu (mysticismus; mystik), hefi ég fundið með samskonar hugstarfi, greiningu og tengingu hugmynda og athugana sem hafa varð, til þess að finna að bergtegund, sem framúrskarandi jarðfræðingar höfðu talið eldfjallamóberg, er jökulmyndun sumt, en brotaberg (Reibungs-breccie) annað. Hin vísindalega aðferð er í aðalatriði hin sama, hvað sem rannsakað er, og afrek manna í vísindum

verða mest undir því komin hversu þeim gengur að bera saman og finna hvað er líkt og hvað ólíkt.

8. „Andinn“ sem talar fyrir munn miðilsins er samskonar vera og draumgjafinn. Þegar sofandi maður segir „ég“ þá á það „ég“ ekki viðmanninn sem liggar og sefur, heldur við draumgjafann. Og eins er um miðilinn í sambandsástandi. Og á sama hátt segir hinn svafði (hypnotiseraði): „Því er verið að láta salt upp í mig“, þó að það sé alls ekki á hans tungu, heldur svafnsins, sem saltið kemur.

9. Draumheimur vor er sama sem andaheimur miðilsins.

10. Einhvern tíma mun þykja, sem það sé í augum uppi að andaheimur miðilsins er lífheimur annarra hnatta. Die „Geisterwelt“ der Spiritisten ist die Lebewelt anderer Erdsterne.

11. Áhrif annarra, þeirra sem svefja eða hafa svafið miðilinn, ráða því við hvaða „anda“ samband fæst og hvernig því verður háttar. Áhrifin frá fundarmönnum (the sitters) á miðilinn ráða því hvaða „andi“ fer í miðilinn og hvernig sambandið verður.

12. Paranoia og Hysteri eru sambandsveikindi, (Induktionskrankheiten).

13. Es ist doch an der Zeit das bioradiative Aufeinanderwirken der Lebewesen, auch von Stern zu Stern, einzusehen. (Á annarri stjörnu, 1914).

II

Merkur Íslendingur í Kaupmannahöfn skrifar fyrir nokkrum árum merkum manni í Reykjavík á þessa leið: „Tilvera okkar litlu þjóðar er í augum þeirra — stórbjóðanna mjög lítils virði — þó að við sjálfir séum nú búinir að rembast upp í þá ímyndun í einangruninni, að við séum ósköp þýðingarmikill þáttur í heimsmenningunni“ (Lögrj. 28. okt. 1914).

Petta eru eftirtektarverð orð, fyrir ýmissa hluta sakir, og satt er það, að íslenskt þjóðerni hefir ekki af stórbjóðunum verið talið þýðingarmikið. En verra er þó, að ein af smáþjóðunum hefir ekki metið íslenskt þjóðerni sem skyldi, sú smá-

þjóðin sem heitir Íslendingar; hefir sú þjóð aldrei látið sér til hugar koma, að íslensk menning gæti orðið þýðingarmikill þáttur heimsmenningarinnar. Og þó er það víst, að annaðhvort verðum vér að sætta oss við þá tilhugsun, að íslenskt þjóðerni sé dauðadæmt, og ekki langt lokanna að bíða, eða vér verðum að sýna, að íslenska þjóðin geti, þó lítil sé, átt þýðingarmikinn og ómissandi þátt í heimsmenningunni.

III

Og vér getum sýnt það. Ef þjóðin þorir. Einmitt eins og kveðið hefir einn af ágætustu útlögum þessarar þjóðar:

Veit þá engi, að eyjan hvíta
á sér enn vor, ef fólkið þorir.

Það, sem þjóðin þarf að þora, er að skilja og sýna, hvað það þýðir, að norræn tunga væri nú liðin undir lok, ef ekki hefðu forfeður vorir haft þrek til að fara að byggja þessa erfiðu úthafseyju; skilja og sýna, að íslensk tunga hefir alveg sérstakt gildi fyrir allt mannkyn, og að endurreisa verður þá tungu á Norðurlöndum, í Noregi fyrst. Þjóðin verður að þora að hætta að líta á sjálfa sig með útlendri lítilsvirðingu og útlendum misskilningi. Menn varist að halda að þetta sé sagt til þess, að vekja óvild til útlendra manna einungis af því, að þeir séu útlendingar. Og varast skulu menn að halda að ég vilji hvetja menn til að dást að nokkru einungis vegna þess að það sé íslenskt. En vér, sem hér erum upp vaxnir, og hér eיגum vorar ættir, megum ekki, þegar vér dæmum þjóðina, gleyma þeim örðugleikum, sem hafa tekið meir en fet af hæðinni og meir en hálf aflið, þó að þeir, sem vaxnir eru upp í betri löndum, dæmi oss án þess að muna eftir þessu.

Og svo kemur það sem erfiðast verður þeirri þjóð, sem hefir svo lítils metið íslenska vísindamenn. Þjóðin verður að þora að vera ekki alveg sannfærð um, að það sé vitfirring, þegar sagt er, að hér á landi hafi fundin verið merkilegri

sannindi, en nokkur, sem kunn voru áður; að íslensk heimspeki muni fá meiri þýðingu en nokkur önnur, sem fram hefir komið á jörðu hér.

Íslensk heimspeki hefir ennþá álíka mikið fylgi og fagnaðarboðskapur Brúnós fékk um hans daga, hinn merkilegasti, sem mannkyni vorrar jarðar hafði fluttur verið. Eða með öðrum orðum, alls ekkert. En þegar þar verður tekið undir með skynsemd, þegar menn vilja þiggja þann sannleik, sem fundinn hefir verið handa þeim, þá munu á nokkrum áratugum verða meiri breytingar til batnaðar á högum mannkynsins, en um aldir áður.

Veit þá engi, að eyjan hvíta
á sér enn vor, ef fólkið þorir
guði að treysta, hlekki að hrista,
hlýða réttu, góðs að bíða.

IV

Íslendingar fundu fyrstir hvítra manna Vesturheim. Þetta kom að vísu ekki að notum, landnámið mistókst einnig þar um sinn. En þó er þessi uppgötvun Íslendinga afareftirtektarverð. Og góðs viti þykir mér það, að eini sonur íslenskra foreldra, sem heimsfrægð hefir áunnið sér, hefir ágætur orðið einmitt af því, að halda áfram þessu fornislenska fyrirtæki, að uppgötva Ameríku. Þetta ætti að greiða fyrir skilningi á því, að af Íslendingum megi vænta landafunda svo bragð sé að. Og þar sem er sú uppgötvun, að það, sem menn hafa haldið andaheim og annan heim, sé í raun réttri þessi heimur, þá er að vísu einnig um landafundi að ræða, a sort of cosmogeographical discovery, og torfærurnar sem sigra þurfti til þess að finna þau lönd, geta ef til vill jafnast á við sumar þær, sem fyrir hafa orðið í annars konar landaleitum. Og það mun sýna sig, að engum mun það verða fært, öðru vísi en ranglega, að neita því, að sú þjóð, er slíkan landnámshug hefir sýnt sem Íslendingar, muni, þó lítil sé, eiga ekki einskisverðan þátt í heimsmenningunni. Vil ég nú fá Íslendinga til að taka þátt í þessu landnámi með

mér, eða heimsnámi. Má nú segja fyrir sigurinn og vorið, þó að hretinu versta sé ekki aflétt ennþá til fulls, og ennþá verið á glötunarvegi. Ef til vill munu sumir dæma gætilegar um það, sem hér er sagt, ef ég get þess, að í bréfi til Kaupmanna-hafnar vorið 1914, sagði ég að búast mætti við stórtíðindum og illum „overalt forestaar der Katastrofer“ voru orðin). Var þetta ályktun en ekki spádómur, og virðist mér það, sem síðan hefir fram komið, benda til þess, að í verulegum atriðum hafi verið rétt skilið, hvert þjóðhagir stefndu.

V

Sumt af því sem um ræðir, er nú auðvelt orðið að rannsaka, hjá því sem áður var, meðan ófengin var þekking á undirstöðuatriðum. Vil ég skora á háskóla Íslands að hefja þar rannsóknir. Mundi slíkt fyrirtæki reynast giftusamlegra en menn grunrar; en á hinn veginn ef ekki er gert fyrir orð míni. Það sem ég á við, er einkum rannsókn á lögmáli því sem 11. grein skýrir frá. Verði á rannsóknarfundi menn sem skilja að ég hefi rétt fyrir mér — en til þess þarf ekki annað en það, sem á útlendu máli heitir geni og að vísu er meira um hér en margur hyggur — þá mun „andinn“ sem „kemur í“ miðilinn segja að hann eigi heima á annarri stjörnu, og tala stórfróðlega. Verði fundarmenn (the sitters) eingöngu læknar, þá mun tal miðilsins gefa tilefni til athugana sem mjög fróðlegt verður að bera saman við það sem þeir „andar“ segja, sem kæmu ef fundarmenn væru eingöngu prestar t.a.m. og tryðu á anda og andaheim.

Að reyna og rannsaka er eina leiðin. Tilraunirnar væri held ég best að fá að gera á Marconistöðinni. Og það sem mest ríður á er hið frjálsa hugarfar hins menntaða manns; að vera það sem Kepler táknaði með orðunum animo liber; vera ekki svo tjóðraður af óleyfilegum fyrirframsannfæringum að með því sé loku skotið fyrir, að komist verði að sannleikanum.

Lögréttta, 15. janúar 1919.